

Lánasjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar og sundurliðanir	9 - 14

Lánasjóður sveitarfélaga
Kennitala: 710169-4979
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Breytt rekstrarform

Hinn 8. desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Löggin gera ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur lánasjóðsins og er fyrirhugað að stofnfundur hlutafélagsins verði haldinn 23. mars 2007 í kjölfar ársfundar lánasjóðsins fyrir árið 2006. Eignarhlutir einstakra sveitarfélaga í félaginu eru skilgreindir í lögnum.

Með lögnum er heimilað að færa eigið fé lánasjóðsins niður um 3.000 m.kr. á ársfundinum fyrir árið 2006 og hefur stjórnin lagt til að svo verði gert. Tekið er tillit til þessa í ársreikningnum og fjárhæðin færð til lækkunar á eigin fé og sem skuld við sveitarfélögin í hlutfalli við eignaraðild þeirra. Fyrirhugað er að hið nýja félag sjái um endurgreiðslu þessara fjármuna til sveitarfélaganna á fjórum árum.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að lánasjóðurinn starfi áfram í meginatriðum í samræmi við þá stefnu sem mótuð var fyrir hann á árinu 2004 þar sem gert var ráð fyrir að gott lánstraust sjóðsins yrði í auknum mæli nýtt til að útvega sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum til hagsbóta fyrir þau. Hefur hin nýja stefna gengið eftir á árunum 2005-2006 eins og ársreikningurinn ber með sér.

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á árinu námu 12.302 m.kr. miðað við 9.578 m.kr. árið áður, en útborguð lán námu 9.099 m.kr. Alls tóku 35 sveitarfélög og 7 stofnanir og félög í eigu sveitarfélaga lán hjá lánasjóðnum á árinu. Samþykkt en óhafin lán að fjárhæð 2.380 m.kr. voru flutt til næsta árs.

Engin vanskil voru hjá sjóðnum í árslok 2006. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á árinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir eru breytilegir og voru hækkaðir 1. maí 2006 úr 4,0% í 4,4% í samræmi við þróun á markaði. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar, en að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði. Lánasjóðurinn er því ekki með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum.

A árinu fóru fram skuldabréfaútböð að fjárhæð samtals 2.840 m.kr. til að afla fjár til endurlána og var það töluvert lægri fjárhæð en á fyrra ári. Skuldabréfin eru skráð í Kauphöll Íslands. Eftirspurn eftir gengistryggðum lánnum fór vaxandi á árinu og tók sjóðurinn lán til endurlána í erlendum myntum á árinu að fjárhæð 55 milljónum EUR hjá erlendum lánastofnunum.

Afkoma og efnahagur

Afkoma sjóðsins var ágæt á árinu. Hagnaður ársins nam 1.189 m.kr. á móti 689 m.kr. árið áður. Aukning hagnaðar á aðallega skýringu í hærri verðbólgu á árinu, en eignir sem samsvara eigin fé sjóðsins eru að mestu bundnar í verðtryggðum útlánnum. Með auknum umsvifum jókst rekstrarkostnaður sjóðsins nokkuð, en töluverður kostnaður var á árinu vegna sérfræðipjónustu við skilgreiningu eignarhalds á lánasjóðnum, undirbúning lagasetningar og breytinga á hugbúnaðarkerfum. Lánasjóðurinn hefur einn fastan starfsmann, en hefur að öðru leyti samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um skrifstofuhald. Hefur samstarfið reynst honum hagkvæmt.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Efnahagur sjóðsins er traustur. Niðurstöðutala efnahagsreiknings í árslok 2006 nam 33.967 m.kr. á móti 23.927 m.kr. árið áður. Mestu munar um aukningu útistandandi lána um 40,6%. Eigið fé nam í árslok 8.859 m.kr. á móti 10.670 m.kr. árið áður og hefur því lækkað um 17% á árinu. Eiginfjárlutfall er í árslok 26,1% á móti 44,6% árið áður og CAD hlutfall er 120,1% í árslok útreiknað samkvæmt reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja en lágmarkskrafa er 8%.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning hans fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2007

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Anna Skúladóttir

Jónmundur Guðmarsson

Kristinn Jónasson

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 7. mars 2007

PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson
löggiltur endurskoðandi

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2006

	Skýr.	2006	2005
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		34.934.639	104.159.656
Vaxtatekjur af útlánum		2.555.922.447	1.467.054.365
Vaxtatekjur af veltufjáreign		162.239.733	0
		<u>2.753.096.819</u>	<u>1.571.214.021</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af lántöku	2	1.542.466.525	846.377.159
Önnur vaxtagjöld		657.275	344.935
		<u>1.543.123.800</u>	<u>846.722.094</u>
Hreinar vaxtatekjur		<u>1.209.973.019</u>	<u>724.491.927</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		0	2.531.090
Gengishagnaður	3	42.466.362	13.656.692
		<u>42.466.362</u>	<u>16.187.782</u>
Hreinar rekstrartekjur		<u>1.252.439.381</u>	<u>740.679.709</u>
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	4	28.103.797	24.084.232
Annar rekstrarkostnaður		34.431.651	26.413.588
Afskriftir rekstrarfjármuna	9	1.195.627	1.262.204
		<u>63.731.075</u>	<u>51.760.024</u>
Hagnaður ársins		<u>1.188.708.306</u>	<u>688.919.685</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýr.	2006	2005
Kröfur á lánastofnanir	6		
Kröfur á lánastofnanir		1.028.782.960	1.329.267.261
Útlán			
Útlán	7,8	31.691.855.064	22.539.857.237
Veltufjáreign			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		431.487.700	0
Verðbréf með breytilegum tekjum		757.511.002	0
		<u>1.188.998.702</u>	<u>0</u>
Rekstrarfjármunir	9		
Fasteign		56.194.491	57.390.118
Aðrar eignir			
Aðrar eignir		791.242	803.159
Eignir samtals		<u>33.966.622.459</u>	<u>23.927.317.775</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Skuldir og eigið fé	Skýr.	2006	2005
Lántaka	11		
Verðbréfaútgáfa		13.732.494.090	10.229.294.996
Lán frá lánastofnunum		<u>8.330.762.731</u>	<u>2.988.360.179</u>
		22.063.256.821	13.217.655.175
Aðrar skuldir			
Skuldir við sveitarfélög	12	3.000.000.000	0
Aðrar skuldir		<u>1.102.453</u>	<u>3.264.409</u>
		3.001.102.453	3.264.409
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	13	43.341.688	36.185.000
Skuldir samtals		<u>25.107.700.962</u>	<u>13.257.104.584</u>
Eigið fé	14		
Óráðstafað eigið fé		8.858.921.497	10.670.213.191
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>33.966.622.459</u></u>	<u><u>23.927.317.775</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2006

	2006	2005
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	1.188.708.306	688.919.685
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.195.627	1.262.204
Verðbætur og gengismunur	(732.118.309)	(358.955.891)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	7.156.688	4.502.000
Hagnaður af sölu verðbréfa	(57.452.500)	0
Aðrar eignir, lækkun	11.917	152.753
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	(2.161.956)	112.624
Handbært fé frá rekstri	405.339.773	335.993.375
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir	(1.654.264)	(942.684.779)
Útlán, breyting	(7.166.526.477)	(7.403.215.275)
Verðbréf, breyting	(1.124.032.339)	1.752.217
	<u>(8.292.213.080)</u>	<u>(8.344.147.837)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka, breytingar	7.584.734.742	7.935.452.074
Lækkun á handbæru fé		
	(302.138.565)	(72.702.388)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>386.582.482</u>	<u>459.284.870</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>84.443.917</u></u>	<u><u>386.582.482</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

1.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Útlán og lántökur sjóðsins eru nú færð samkvæmt aðferð um virka vexti. Í upphafi eru útlán og lántökur færð á gangvirði að frádrögnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru útlán og lántökur færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áhrif þessara breytinga vegna fyrri ára eru færð yfir óráðstafað eigið fé í ársbyrjun, sbr. skýringu 14 og hefur samamburðarfjárhæðum fyrra árs verið breytt til samræmis.

1.3 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á lánastofnanir og útlánum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir og lántökum.

1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2006. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

1.5 Útlán

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok 2006 samkvæmt aðferð um virka vexti. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007 og gengistryggð útlán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2006.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélögum heimilt skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

1.6 Lántaka

Lántökur sjóðsins eru upphaflega færðar á gangvirði að frádrögnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lánin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu verði lánsins.

Skýringar

1.7 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármunanna.

1.8 Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Skuldbinding lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings.

1.9 Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Skýringar

	2006	2005
2. Vaxtagjöld		
Vaxtagjöld af lántöku greinast þannig:		
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	1.245.989.511	703.131.171
Vaxtagjöld af lánum frá lánastofnunum	296.477.014	143.245.988
	<u>1.542.466.525</u>	<u>846.377.159</u>

3. Gengishagnaður

Gengishagnaður sundurliðast þannig:

Gengishagnaður af veltufjáreign	30.634.106	19.364.456
Gengishagnaður (-tap) af gjaldeyrisviðskiptum	11.832.256	(5.707.764)
	<u>42.466.362</u>	<u>13.656.692</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Í árslok 2006 er framkvæmdastjóri eini starfsmaður Lánasjóðs sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2006	2005
Laun	16.587.797	15.606.364
Launatengd gjöld	1.217.060	2.660.425
Lífeyriskostnaður	10.298.940	5.817.443
	<u>28.103.797</u>	<u>24.084.232</u>

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri	12.901.127
Núverandi stjórn:	
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	1.141.284
Anna Skúladóttir	134.265
Jónmundur Guðmarsson	134.265
Kristinn Jónasson	808.045
Svanfríður Inga Jónasdóttir	158.995
Fráfarandi stjórn:	
Anna Kristinsdóttir	35.000
Einar Njálsson	434.450
Magnús Gunnarsson	375.115
Reinhard Reynisson	438.298

Skýringar

5. Þóknun endurskoðenda

	2006	2005
Þóknun til endurskoðenda sjóðsins greinist þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	1.810.200	1.386.900
Könnun árshlutareiknings	818.700	292.000
Önnur þjónusta	1.044.225	895.050
	<u>3.673.125</u>	<u>2.573.950</u>

6. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

Gjaldkræfar kröfur	84.443.917	386.582.482
Allt að 3 mánuðir	944.339.043	942.684.779
	<u>1.028.782.960</u>	<u>1.329.267.261</u>

7. Útlán

Útlán greinast þannig:

Gengistryggð útlán	7.184.082.331	1.806.163.825
Verðtryggð útlán	24.507.772.733	20.733.693.412
	<u>31.691.855.064</u>	<u>22.539.857.237</u>

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur	0	2.089.984
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	1.103.248.594	483.450.119
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	2.150.958.062	2.062.032.816
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	13.560.503.620	8.567.338.442
Til greiðslu eftir 5 ár og síðar	14.877.144.788	11.424.945.876
	<u>31.691.855.064</u>	<u>22.539.857.237</u>

8. Vanskil

Vanskil greinast þannig:

Gjaldfallnar afborganir	0	1.397.156
Gjaldfallnir vextir	0	670.975
Gjaldfallnir dráttarvextir	0	35.330
	<u>0</u>	<u>2.103.461</u>

Skýringar

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:	Fasteign	
	2006	2005
Stofnverð 1.1.	59.781.371	59.781.371
Viðbót ársins	0	0
Stofnverð 31.12.	<u>59.781.371</u>	<u>59.781.371</u>
Afskrifað áður	2.391.253	1.129.049
Afskrifað á árinu	1.195.627	1.262.204
Samtals afskrifað 31.12.	<u>3.586.880</u>	<u>2.391.253</u>
Bókfært verð 31.12.	56.194.491	57.390.118
Afskriftarhlutfall	2%	2%

Fasteignamat húseignar 31.12.2006 nam 45,2 m.kr. Brunabótamat húseignar 31.12.2006 nam 49,3 m.kr.

10. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 24.939 m. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 14.907 m.kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 7.212 m. kr. í árslok og heildarskuldir í erlendum gjaldmiðlum námu á sama tíma 7.158 m. kr.

11. Lántaka

	2006	2005
Lántaka greinist þannig eftir eftirstöðvartíma:		
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	80.380.938	327.618.092
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	537.363.794	431.526.510
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	10.667.387.711	4.886.330.649
Til greiðslu eftir 5 ár og síðar	10.778.124.378	7.572.179.924
	<u>22.063.256.821</u>	<u>13.217.655.175</u>

12. Skuldir við sveitarfélög

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða I. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga getur ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 ákveðið að eigið fé lánasjóðsins verði fært niður um allt að 3 milljarða kr. enda uppfylli sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja og hafi nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur ákveðið að leggja fram tillögu fyrir ársfundinn um að svo verði gert.

Skýringar

13. Skuldbindingar

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni hefur farið fram og er hún færð í ársreikninginn miðað við 2,0% ársvexti.

Lífeyrisskuldbinding greinast þannig:	2006	2005
Frá fyrra ári	36.185.000	31.683.000
Greiddur lífeyrir á árinu	(1.439.933)	(1.315.443)
Hækkun skuldbindinga	8.596.621	5.817.443
	<u>43.341.688</u>	<u>36.185.000</u>

14. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	10.561.819.767
Leiðrétting vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum	108.393.424
Leiðrétt eigið fé í ársbyrjun	10.670.213.191
Niðurfærsla eigin fjár	(3.000.000.000)
Hagnaður ársins	1.188.708.306
	<u>8.858.921.497</u>

Eigið fé í árslok nemur 8.859 m. kr. eða 26,1% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84.gr. laga um fjármálaþyrntæki er 120,1% en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig (í þús. kr.):	Bókfærð staða	Vegin staða	
		2006	2005
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir:	33.966.622	7.374.848	4.831.215
Áhættugrunnur samtals.....	<u>33.966.622</u>	<u>7.374.848</u>	<u>4.831.215</u>
Eigið fé:			
Bókfært eigið fé		8.858.921	10.670.213
Eigið fé samtals		<u>8.858.921</u>	<u>10.670.213</u>
Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall)		120,1%	220,9%

15. Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er Lánasjóður sveitarfélaga undanþeginn slíkum skatti.

Samkvæmt lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 eru skuldabréf sem lánasjóðurinn tekur og veitir undanþegin stimpilgjöldum.